

Mánudaginn 13. mars 1995.

Nr. 59/1995.

K

(Ingólfur Hjartarson hrl.)

gegn

M

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Börn. Forsjá. Dómarar. Vanhæfi. Ómerking. Heimvísun. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. febrúar 1995, sem barst réttinum 24. sama mánaðar. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hún krefst þess, að úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. febrúar 1995 verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara ásamt meðdómsmönnum að kveðja til þrjá hæfa og óvilhalla sérfróða menn til þess að meta yfirmati, hvernig forsjá B, dóttur málsaðila, verði best fyrir komið með tilliti til hagsmuna hennar og þarfa. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en hún fékk gjafsókn til rekstrar málsins fyrir héraðsdómi 31. maí 1994.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 20/1992 skal hraða meðferð forsjármála. Mál það, sem hér um ræðir, var þingfest 18. janúar 1994, og fékk héraðsdómariinn það til meðferðar í lok marsmánaðar. Í þinghaldi 8. apríl 1994 voru dómkvaddir matsmenn. Þeir luku matsgerð sinni 7. júní, og var hún lögð fram í þinghaldi 2. september sama ár. Næsta þinghald var boðað 15. september, en dómari frestaði þá málinu, þar sem ekki hafði tekist að fá meðdómendur. Málið var næst tekið fyrir 18. janúar 1995, og tóku þá sérfróðir meðdómsmenn sæti. Þá var lögð fram greinargerð Gylfa Ásmundssonar sálfræðings, dagsett 17. desember 1994, sem héraðsdómari hafði óskað eftir í nóvember. Einnig lagði sóknaraðili þá fram beiðni um

yfirmat, dagsetta 17. janúar 1995. Átelja ber þann óhæfilega drátt, sem orðinn er á máli þessu.

Eins og lýst er í hinum kærða úrskurði, voru sálfræðingarnir Oddi Erlingsson og Gunnar Hrafn Birgisson tilnefndir meðdómendur í þinghaldi 18. janúar sl. Meðal gagna málsins er greinargerð félagsmálastjóra Seltjarnarness, dagsett 10. ágúst 1993, um barn það, sem mál þetta snýst um, og foreldra þess. Þar kemur fram, að Gunnar Hrafn Birgisson sálfræðingur, starfsmaður Barnaverndarráðs Íslands, hafi haft samband við félagsmálastjóranum vegna tiltekins þáttar málsins. Segir þar, að sóknaraðili hafi komið í viðtal hjá Gunnari Hrafn og hann hafi gefið félagsmálastjóranum ábendingar um, hvernig taka skyldi á málinu. Þetta kemur einnig fram í greinargerð Þorgeirs Magnússonar sálfræðings frá 29. júlí 1993.

Samkvæmt framansögðu hefur meðdómsmaðurinn Gunnar Hrafn Birgisson fjallað um sakarefni máls þessa með þeim hætti, að hann var vanhæfur til meðferðar þess, sbr. b- og g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991. Verður því að ómerkja hinn kærða úrskurð og meðferð málsins frá og með þinghaldi 18. janúar 1995 og vísa því heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður, en gjafsóknarkostnaður sóknaraðila, 20.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður og málsmeðferð frá og með þinghaldi 18. janúar 1995 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður sóknaraðila, K, 20.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.